



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2372*  
*komudagur 11.5.2012*

Reykjavík 9. maí 2012

**Umsögn Verkræðingafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.**

Á ráðstefnu Verkræðingafélags Íslands (VFI) sem haldin var nýlega í tilefni 100 ára afmælis félagsins var m.a. rifjuð upp farsæl nýting orkuauðlindanna síðastliðna öld til verulegra hagsbóta fyrir land og þjóð. Þar hafa verkfræðingar og aðrir tæknimenn verið í fararbroddi og gegnt lykilhlutverki, hvort sem um var að ræða uppbyggingu samfélagsins með hita- og rafveitum, orkuverum eða stærri iðnfyrirtækjum.

VFI undirstrikar mikilvægi þess að haldið verði áfram að nýta orkuauðlindirnar til góðs fyrir landsmenn en telur að nýtingin eigi að vera sem fjölbreyttust og tekið tillit til þess að um takmarkaða auðlind er að ræða. Hafa verður jafnframt að leiðarljósi að hámarka ber heildarafrakstur orkuauðlindanna fyrir íslenskt samfélag.

VFI lýsir yfir vonbrigðum með þau inngrip sem gerð hafa verið í rammaáætlun, og fram koma í þingsályktunartillögu þessari, um vernd og nýtingu náttúrusvæða með því að taka vinnu að áætluninni úr faglegum farvegi. Rammaáætluninni er ætlað að marka framtíðarsýn og ná sátt um hvaða virkjunarkostir komi til greina og hvaða svæði beri að friða. Að áætluninni hefur verið unnið um árabil, með viðamiklu kynningar- og samráðsferli, í þeim tilgangi að ná almennri sátt um nýtingu takmarkaðra orkuauðlinda.

Á fyrrgreindri ráðstefnu VFI var fjallað um leiðir til fjölbreytilegrar og skynsamlegrar nýtingar orkuauðlinda landsins. Þar komu fram áhyggjur af afdrifum þeirrar faglegu stefnumótunar og samráðs sem rammaáætlunin byggði á og frestun á tækifærum til verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag. **Stjórn VFI leaast aegn þingsályktunartillögu þessari í óbreyttri mynd enda aegur hún aegn þeim markmiðum sem stýrðu vinnu við rammaáætlun.**

F.h. stjórnar Verkræðingafélags Íslands.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri.